




355. Stjórnarfundur haldinn 26. ágúst 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ Einkaleyfastofu v/ skráningar á logói , bréf frá ÍSÍ v/ niður skurðar á fjármagni í Íþróttaslysasjóð, bréf frá Guðrúnu Þorsteinsdóttur starfsmannastjóra RNB v/ Heilsu- og forvarnarviku 27. sept. – 3. okt.

3. Send bréf.

Skýrsla leikjaskóla Keflavíkur hefur verið send á Stefán Bjarkason framkvæmdastóra ÍT sviðs. Skýrsla 17. júní nefndar hefur verið send Valgerði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra menningarsviðs.

4. Leikjaskóli Keflavíkur 2010.

Skýrsla leikjaskólans lá fyrir. Fram kemur að um fækkun er á innskráningum og var heildar fjöldinn 66 börn. EH var ánægður með hvernig til tókst og viðbrögð foreldra mjög góð.

5. 17. júní 2010.

Stjórnarmenn ánægðir með hvernig til tókst. Óskað er eftir áframhaldandi samstarfi við UMFN og RNB að sjá um dagskrá hátíðarhalda 17. júní í RNB.

6. 13. ULM í Borganesi.

Mikil ánægja með þátttöku sem var á 13. ULM í Borganesi, en eitthundrað þátttakendur voru frá Keflavík sem er það mesta sem hefur verið frá okkur. EH vill þakka undirbúningsnefnd, farastjóra og öðrum þeim sem lögðu okkur lið fyrir gott starf.

7. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

EH sagði frá því að ákveðið sé að formleg afhending á félagsheimili Keflavíkur verði 3. september kl. 16:00 – 17:00 og síðan húsið opið almenningi frá 17:00 – 18:00. Keflavík hyggst svo taka félagsheimilið formlega í notkun á afmælisdegi félagsins 29. september. BI skýrði frá frágangi við húsið og þarfagreiningu á búnaði sem verður notaður í félagsheimilinu. EH hefur verið í sambandi við Hafstein Ingibergsson forstöðumann hússins varðandi aðgengi og reglur sem gilda um umgegna í félagsheimilinu. Farið yfir boðslista Keflavíkur. Ákveðið að aðalstjórn, formenn deilda, stjórn ÍRB og Skúli Þ Skúlason fyrrverandi formaður verði okkar fulltrúar við opnunina.





9. Önnur mál.

EH skýrið frá fundi sem hann átti með framkvæmdastjóra USK Guðlaugi Sigurjónssyni og Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra ÍT svið v/ framkvæmda við malarvöllinn við Hringbraut.

EH sagði frá þátttöku okkar í verkefninu „*Hættu að hanga ! komdu að hjóla, synda eða ganga!*“ og „*Helgi á göngu*“ en gengið var á Þorbjörninn undir leiðsögn Rannveigar Garðarsdóttur. Tuttugumanns tóku þátt í þessari göngu sem tókst vel.

EH sagði frá fundi sem hann átti með Kristínu S Þórðardóttur v/ þjálfaramálum í unglíngastarfi körfunnar.

Umræður um K-hettupeysuna sem var notuð á 13. ULM. Ákveðið að selja þær peysur sem til eru með sama afsætti og þeim sem sóttu 13. ULM eða á fimmþúsund krónur. Til stjórnarmann í deildum Keflavíkur verður hún seld á þrjú þúsund og fimmhundrað krónur. Framkvæmdastjóra falið málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45
Fundinn ritaði SG

